

Ár 2008, miðvikudaginn 16. janúar, er á dómþingi Áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands, í málinu nr. 2/2008:

Handknattleikssamband Íslands

gegn

Aðalsteini Eyjólfssyni

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma Þorgeir Ingi Njálsson, Gunnar Jónsson og Helgi I. Jónsson.

Sóknaraðili skaut málinu til dómsins 10. þ.m. Kærður er úrskurður dómstóls Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) 8. janúar 2008 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um frávísun máls sem varnaraðili skaut til dómsins 14. desember 2007, en í því máli gerði varnaraðili þá kröfu að úrskurður aganefndar HSÍ frá 12. desember 2007 yrði ógiltur. Með ákvörðun nefndarinnar var varnaraðila gert að sæta keppnisbanni til 1. febrúar 2008.

Sóknaraðili gerir aðallega þá kröfu að málinu verði vísað frá dómstóli HSÍ.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Samkvæmt grein 8.4.5. í reglugerð fyrir aganefnd HSÍ er heimilt að áfrýja til dómstóls HSÍ úrskurði aganefndar sambandsins, sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 6 mánuði, en að öðru leyti verði úrskurðum nefndarinnar ekki áfrýjað. Framangreindur úrskurður aganefndar í máli varnaraðila felur í sér að varnaraðili sæti keppnisbanni frá 12. desember 2007 til 1. febrúar 2008. Tilvitnað ákvæði er fortakslaust. Þá bera gögn málsins ekki með sér að þeir meinbugir hafi verið á málsmeðferð fyrir aganefnd að réttlætt geti að málið sæti efnislegru meðferð fyrir dómstólum HSÍ. Samkvæmt þessu og þar sem keppnisbann varnaraðila er innan framangreindra marka er fallist á frávísunarkröfu sóknaraðila.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Dómstóli HSÍ.

Þorgeir Ingi Njálsson

Gunnar Jónsson

Helgi I. Jónsson